

ara. Einnig ber þeim að gæta þess, að byggingarfróðir menn virði húseignir, og að virðingarmenn á jörðum sju góðir og greindir búmenn. Þeðt virðist fara á því, að hreppstjórar eða úttektarmenn verði kvaddir til þess að virða jarðeignir, sju ekki tengdir eða skyldleiki því til fyrirstöðu. En sýslumaður er ekki bundinn við hreppstjóra eða úttektarmenn. Það er jafnvel ekkert því til fyrirstöðu, að hann skipi utansveitar- eða utan hjeraðsmenn til þess að framkvæma virðinguna, ef þeir fást til þess, og verða að álitast eins kunnugir búnaðarháttum í viðkomandi sveit eða hjeraði og innansveitar- eða hjeraðsmenn.

7.

Þegar virðingargjörðin er um garð gengin og rituð, skulu virðingarmennirnir bæta við hana yfirlýsingu um, að þeir sju fúsir á að staðfesta hana með eidi, ef krafizt verður. Ef hreppstjóri eða úttektarmaður tekur þátt í virðingunni, ber honum þar að auki að skírskota til eids þess, er hann hefir unnið sem hreppstjóri eða úttektarmaður. Þar eptir dagsetja þeir gjörðina, rita nöfn sín undir hana, og senda hana sýslumanni, er fer nákvæmlega yfir hana og ritar á hana athugasemdir sínar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. nóv. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um innheimtingu vitagjalds.* — Jafnframt því að leiða þóknanlegt athygli yðar, herra amtmaður, að auglýsingu þeirri um, að vitinn á Reykjanesi komi í fullt gagn 1. desember, er prentuð er í stjórnartíðindunum B 1878 — 155, og að lög um vitagjald af skipum, dagsett 12. apríl 1878 nái gildi frá sama degi, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra (bæjarfógeta og sýslumenn) að heimta inn gjald þetta frá nefndum degi með öðrum skipagjöldum, og að rita það í sjerstakan dálk, er gjöra skal í hinni löggiltu aukatekjubók á eptir þeim dálki, sem ritað er yfir: «Erfðafjárskattur», og skal síðan gjöra grein fyrir vitagjaldinu, samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar 26. maí þ. á.

Þar að auki ber hlutaðeigandi reikningshöldurum í janúarmánuði ár hvert að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja skrá um öll skip þau, er gjöld hafa verið heimtuð af, og skal skrá þessi innihalda hinar nauðsynlegu skýringar um nöfn skipanna, hvar þau eigi heima, hve mikið þau beri, hve nær þau hafi komið á viðkomandi höfn, hve nær greitt gjaldið, og hve mikil upphæð þess hafi verið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skil fyrir aukatekjum.* — Með brjefi frá 10. október þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Árnessýslu, þar sem hann setur fram nokkrar spurningar, viðvíkjandi reglugjörð 25. maí þ. á. um innheimtingu og reikningsskil á aukatekjum o. fl. og látið þjer í ljósi um þær það álit,

1. að hagfelldast sje að reikna tímabil það, er getur um í 5. grein reglugjörðarinnar þannig, að hinn fyrsti ársfjórðungur, sem reikningsskil eiga að gjörast fyrir, teljist til 30. september, og síðan sje farið eptir almanaksárinu.